

## Nýr Siemens röntgenbúnaður settur upp hjá Reykjalundi.

Reykjalundur festi nýverið kaup á vönduðum röntgenbúnaði frá Siemens AG í framhaldi af útboði hjá Ríkiskaupum. Um er að ræða endurnýjun á búnaði fyrir röntgendeild Reykjalundar og fyrir valinu varð röntgenbúnaður sem heitir Multix Pro / Vertix Pro og er eins og áður sagði framleiddur af Siemens AG í Þýskalandi. Siemens AG hefur þegar selt yfir þúsund samskonar kerfi víðsvegar um heiminn og það á tæplega tveimur árum. Við hönnun á Multix Pro / Vertix Pro var haft náið samstarf við alþjóðlegan hóp sérfræðinga á læknasviðinu en það samstarf hefur skilað sér í mjög skilvirkum og notendavænum búnaði. Siemens AG á yfir 100 ára sögu í framleiðslu á hefðbundnum röntgentækjum og veit því betur en nokkurt fyrirtæki hvaða kröfur þarf að gera til vandaðs röntgenbúnaðar. Röntgenbúnaðurinn Multix Pro / Vertix Pro samanstendur af rafdrifnu sjúklingaborði, rafeindastýrðum röntgenlampa og lungnastandi.



Starfsfólk Reykjalundar ásamt uppsetningaraðila.

Talið frá vinstri: Jón M. Benediktsson, framkvæmdastjóri sjúkrahússviðs, Birna Garðarsdóttir, röntgentæknir, Hjördís Jónsdóttir, lækningaforstjóri, og Brynjar Örn Ragnarsson, tæknifræðingur.

Fimmtudaginn 21. september sl. var röntgenbúnaðurinn tekinn í notkun hjá Reykjalundi og af því tilefni óskaði Smith & Norland hf. starfsfólki Reykjalundar til hamingju með búnaðinn. Óhætt er að segja að starfsfólkið hafi verið ánægt með röntgenbúnaðinn eftir fyrstu prófanir enda um vandaðan búnað að ræða.